

Mosfellsbæ 16.4.2023

Bréf til Skipulags og Umferðarnefndar og umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.

Undirritaður sem er hundaeigandi hefur metnað fyrir því að við sinnum dýrunum vel. Það skal sagt strax að starfsfólk bæjarins hefur sýnt okkur hundaeigendum einstaka þjónustulund.

Erindið lýtur ekki að því heldur þeirri aðstöðu sem okkur er boðin upp á innan bæjarins.

Við Vesturlandsveg er hundagerði sem er að mörgu leyti til fyrirmyndar. Það er að mér skilst til bráðabirgða sem skýrir væntanlega jarðveginn sem er innan gerðisins og stærð þess. Aðkoma að gerðinu er því miður hættuleg þeim sem koma akandi. Afrein er illa merkt og á veturna er ekki ruddur snjór, eð þeim afleiðingum að bíla eiga það til að festast.

Hvað er til ráða?


Nú liggur fyrir að skógræktarfélag Mosfellsbæjar er að flytja aðstöðu sína að Skarhólabraut. Samlegðaráhrif þess að gera bílastæði sem henta félaginu og hundagerði á þeim stað væru mikil. Vissulega kallar þetta á eitthvað rask en gerði á þeim stað er við gönguleiðir og myndi nýtast mörgum íbúum.

Annar möguleiki er að girða af svæðið sem notað er sem jarðvegstíppur en aðkoma að honum er til norðurs frá Skarhólabraut.



Núverandi hundasvæði.

Dýr þurfa hreyfingu og skv lögum er lausaganga hunda bönnuð nema á afmörkuðum svæðum.



Innan þessa svæðis mætti koma fyrir aðstöðu fyrir hundagerði sem að auki skapar minnni hættu fyrir vegfarendur, hundana og er þar að auki meira miðsvæðis.



Þetta svæði myndi einnig henta einkar vel en undirrituðum er ekki kunnugt um framtíðaráætlanir fyrir svæðið.

Að lokum margir hundar eru skráðir í bænum en og margir eru óskráðir. Slíkt kemur niður á ábyrgum hundaeigendum og er sennilega skýring á upphæð árgjalda fyrir hunda.

Virðingarfyllt:

Jón Pétursson Stórakrika 20

Kt 130671-5869

Gsm 896-5928